

PERLUR TÓNLISTAR

Már Viðar Másson

Ég segi hér lítillega frá tónlistarnámskeiðum Ingólfs Guðbrandssonar sem hann hefur haldið í samvinnu við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands síðast liðin sex ár.

Það alast ekki allir upp við tónlist í föðurhúsum. Og fyrir þá er eftirleikurinn ekki léttur. Margt fólk sem komið er á fullorðinsár saknar þess að kunna lítil skil á tólist og getur vel hugsað sér að gera á því bragarbót. Það fer ekki fram hjá því að það fer á mis við lífsgæði sem þeir njóta auðsýnilega sem annað hvort leika á hljóðfæri eða kunna að hlusta á tónlist. En það kostar mikið átak að ráðast inn í vígi tónlistarinnar.

Nokkrar leiðir hafa gefist þeim sem hafa viljað kynna tónlistinni. Að fara í kór er ein, en félagsskapurinn dregur marga þangað. Þá hefur Gylfi Þ. Gíslason verið með vandaða og fræðandi tónlistarþætti í útvarpi. Kontrapunktur hefur án efa vakið áhuga margra á tónlistargyðjunni og ekki má gleyma ríkisútvarpinu sem hefur næstum daglega produceraða tónlistarþætti, eða vönduðum þáttum Halldórs Haukssonar á útvarpsstöðinni FM 100,7. Gildi tónlistar í útvarpi hefur að mínu mati aukist hin síðari ár með tilkomu FM-útsendinga og betri viðtækja á heimilum landsmanna. Og margir sækja þá fjölmörgu tónleika sem í boði eru, en ég þykist þó fullviss um að tiltölulega fáir hlusta á tónlist í útvarpi sem ekki hafa fengið neina skólun í hlustun og að hið sama á við um tónleika ef grannt væri skoðað. Ekki má hætta þessari upptalningu án þess að minnst á ötult starf Árna Tómasar Ragnarssonar og Selmu Guðmundsdóttur píánóleikara við útbreiðslu á tónlist Richards Wagner.

En þá gerðist það árið 1993 að Ingólfur Guðbrandsson ferðaskrifstofustjóri og tónlistarmaður auglýsti fyrsta tónlistarnámskeið sitt í samvinnu við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Fyrsta námskeiðið hélt hann í venjulegri kennslustofu og það sóttu 25-30 manns. Hópurinn var æði fjölbreyttur. Þarna voru nokkrir hljóðfæraleikarar og annað tónlistarfólk, en að stærstum hluta voru þátttakendur óskólagengnir í tónlist og fæstir þeirra höfðu hlotið tónlistaruppeldi - að ég hygg. Ég veit reyndar að allmargir áttu ekki einu sinni plötuspilara. Í því var gildi námskeiðsins mest, að mínu mati, að þarna kom fólk sem hafði áhuga á að kynna sér tónlist til þess að njóta hennar, en vantaði leiðbeiningar um það hvernig það ætti að bera sig að því. Þarna gafst því tækifæri sem ekki hafði verið í boði áður.

Á fyrsta námskeiðinu, *Dýrgripir úr sýnisbók tónlistarinnar*, kom strax í ljós að Ingólfur naut sín vel á þessum vettvangi. Hann byrjaði á því að kynna okkur hljóðfærin og rakti síðan tónlistarsöguna - endurreisn, barrok, klassík, rómantík og modernisma - og gaf okkur valin tóndæmi. Við fengum að heyra í Gabrieli, Palestrina, Gesualdo, Monteverdi, Corelli, Pachelbel, Albinoni, Scarlatti, Vivaldi, Pergolesi, Locatelli, Bach, Händel, Telemann, Haydn, Mozart, Beethoven, Schubert, Liszt, Verdi, Wagner, Tchaikovsky, Rimsky-Korsakoff, Mussorgsky, Shostakovich, Ramirez, o.m.fl. Jafnframt útskýrði Ingólfur fyrir okkur tæknileg atriði í uppbyggingu tónlistarinnar, hvernig hún þróaðist og gerði samanburð á tónskáldum og tímabilum.

Árið 1994 hét námskeiðið *Perlur tónlistar í flutningi snillinga*. Þar bættust við tónskáldin Rossini, Dvorák, Stravinsky, Liszt o.m.fl. Árið eftir kynntumst við *Heimi óperunnar og söngstjörnum*. Nú bættust við tónskáldin Purcell, Gluck, Donizetti og Bellini, auk þess sem áður nefnd tónskáld komu við sögu. Við fengum ágrip af sögu óperunnar, kynningu á söngvurum og upptökum frá upphafi hljóðritunar fram á okkar dag.

Einlægni Ingólfs í fölskvalausri aðdáun hans á tónlistinni vakti aðdáun mína og ýtti við mér. Mér lærðist hægt og bítandi að hleypa þessari nýju tilfinningu inn fyrir mína hörðu skel. Lýsingar hans á tónskáldum, stjórnendum, hljóðfæraleikurum og söngvurum var stórbrotin og borin fram á þann hátt að við fengum hlutdeild í skynjun kennarans. Þannig fengum við ekki aðeins innsýn í þá tónlist og tækni sem ég hef þegar nefnt, heldur vorum við hrifin með inn í hugarheim tónlistarunnanda og eins reyndasta flytjenda okkar á klassískri tónlist. Og allt var þetta borið fram á afar vönduðu máli sem var okkur hinn dýrmætasti fjársjóður.


Nú var kennslustofan orðin of lítil. Vissulega var söknuður að hinu nána sambandi kennara og nemenda í litlu kennslustofunni, en árið 1996 var *Hátindum barokktónlistar og meistara meistaranna Johann Sebastian Bach* komið fyrir í safnaðarheimili Hallgrímskirkju með eitthundrað þátttakendum. - Í framhaldi þess námskeiðs var farið á *slóðir Bachs í Þýskalandi*. Ingólfur fór með okkur til Eisenach, fæðingarborgar Bachs, og síðan til einnar borgarinnar eftir aðra sem allar tengdust lífi og starfi hins stórbrotna snillings. Auk þessa sóttum við tónleika í Dresden (Semperóperunni), Leipzig (Gewandhaus) og Berlín (Berliner Philharmonie). Ég sagði frá þeirri ævintýraferð í Lesbók Mbl. 8. febr. 1997.

Árið 1997 voru *Meistarar barokksins í ítalskri og þýskri tónlist* kynntir í Hátíðasal H.Í. Ingólfur hafði rétt áður fengið nokkra styrktaraðila til að gefa háskólanum hljómflutningstæki af allra bestu gerð. Þannig fengum við nú notið tónlistarinnar á besta mögulega hátt. Fleiri tónskáld bættust við og listinn yfir plötur í safnið okkar lengdist enn. Ingólfur hafði jafnan þann hátt á að taka saman efni hvers tíma og dreifa meðal okkar í prentuðu máli. Það nálgast nú að vera full mappa af tónlistarsögu.

Á þessu ári (1998) kynntumst við *Líf og list Beethovens*. Það hlýtur að teljast með ólíkindum hvað einn maður getur átt sér stórbrotna sögu. Að námskeiði loknu var haldið í *fótspor meistarans* á sama hátt og gert hafði verið tveimur árum áður varðandi Bach. Nú var ferðinni heitið frá Bonn til Salzburg og Vínar. Hún er ógleymanleg þeim sem hana fóru.

Þeir sem notið hafa námskeiðanna eiga nú hægara um vik að láta það eftir sér að njóta einhvers þess besta sem maðurinn hefur látið frá sér fara; evrópskrar tónlistar frá endurreisn til nútíma. Það er orðin unun að sækja góða tónleika eða óperuna, og ýmsar perlur leynast allt í einu í útvarpinu. Og mörg okkar eiga nú *perlur tónlistar* heima í hillu og þurfa ekki annað en "setja plötu á fóninn" til að eiga ánægjustund.

Gert fyrir Óperublaðið 2. tbl. 1998



Eitt sinn var
ég í Leipzig ...

[Myndatexti með mynd nr. 27A af negatífri filmu]

Ingólfur Guðbrandsson ásamt greinarhöfundum og þremur ferðafélögum fyrir utan Auerbachs Keller í Leipzig árið 1996.

PERLUR TÓNLISTAR

MÁR VIDAR MÁSSON

Ég segi hér lítillga frá tónlistarnámsskeiðum Ingólfs Guðbrandssonar sem hann hefur haldið í samvinnu við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands síðast liðin sex ár.

Það alast ekki allir upp við tónlist í föð-urhúsum. Og fyrir þá er eftirleikurinn ekki léttur. Margt fólk sem komið er á fullorðinsár saknar þess að kunna lítill skil á tónlist og getur vel hugsað sér að gera á því bragarbót. Það fer ekki fram hjá því að það fer á mis við lífsgæði sem þeir njóta auðsýnilega sem annað hvort leika á hljóðfæri eða kunna að hlusta á tónlist. En það kostar mikið átak að ráðast inn í vígi tónlistarinnar.

Nokkrar leiðir hafa gefist þeim sem hafa viljað kynna tónlistinni. Að fara í kór er ein, en félagsskapurinn dregur marga þangað. Þá hefur Gylfi Þ. Gíslason verið með vandaða og fræðandi tónlistarþætti í útvarpi. Kontrapunktur hefur án efa vakið áhuga margra á tónlistargyðjunni og ekki má gleyma ríkisútvarpinu sem hefur næstum daglega produceraða tónlistarþætti, eða vönduðum þáttum Halldórs Haukssonar á útvarpsstöðinni FM 100,7. Gildi tónlistar í útvarpi hefur að mínu mati aukist hin síðari ár með tilkomu FM-útsendinga og betri viðtækja á heimilum landsmanna. Og margir sækja þá fjölmörgu tónleika sem í boði eru, en ég þykist þó fullviss um að til-
tölulega fáir hlusta á tónlist í útvarpi sem ekki hafa fengið neina skólun í hlustun og að hið sama á við um tónleika ef grannt væri skoðað. Ekki má hætta þessari upptalningu án þess að minnst á ótult starf Árna Tómasar Ragnarssonar og Selmu Guðmundsdóttur píanóleikara við útbreiðslu á tónlist Richards Wagner.

En þá gerðist það árið 1993 að Ingólfur Guðbrandsson ferðaskrifstofustjóri og tónlistarmaður auglýsti fyrsta tónlistarnámsskeið sitt í samvinnu við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.

Fyrsta námskeiðið hélt hann í venjulegri kennslustofu og það sóttu 25–30 manns. Hópurinn var æði fjölbreyttur. Þarna voru nokkrir hljóðfæraleikarar og annað tónlistarfólk, en að stærstum hluta voru þátttakendur óskólagengnir í tónlist og fæstir þeirra höfðu hlotið tónlistaruppeldi – að ég hygg. Ég veit reyndar að allmargir áttu ekki einu sinni plötuspilara. Í því var gildi námskeiðsins mest, að mínu mati, að þarna kom fólk sem hafði áhuga á að kynna sér tónlist til þess að njóta hennar, en vantaði leiðbeiningar um það hvernig það ætti að bera sig að því. Þarna gafst því tækifæri sem ekki hafði verið í boði áður.

Á fyrsta námskeiðinu, *Dýrgripir úr sýnisbók tónlistarinnar*, kom strax í ljós að Ingólfur naut sín vel á þessum vettvangi. Hann byrjaði á því að kynna okkur hljóðfærin og rakti síðan tónlistarsöguna – endurreisn, barrok, klassík, rómantik og modernisma – og gaf okkur valin tóndæmi. Við fengum að heyra í Gabrieli, Palestrina, Gesualdo, Monteverdi, Corelli, Pachelbel, Albinoni, Scarlatti, Vivaldi, Pergolesi, Locatelli, Bach, Händel, Telemann, Haydn, Mozart, Beethoven, Schubert, Liszt, Verdi, Wagner, Tchaikovsky, Rimsky-Korsakoff, Mussorgsky, Shosta-

kovich, Ramirez, o.m.fl. Jafnframt útskýrði Ingólfur fyrir okkur tæknileg atriði í uppbyggingu tónlistarinnar, hvernig hún þróaðist og gerði sam-
burð á tónskáldum og tímabilum.

Árið 1994 hét námskeiðið *Perlur tónlistar í flutningi snillinga*. Þar bættust við tónskáldin Rossini, Dvorák, Stravinsky, Liszt o.m.fl. Árið eftir kynntumst við *Heimi óperunnar og söngstjörnum*. Nú bættust við tónskáldin Purcell, Gluck, Donizetti og Bellini, auk þess sem áður nefnd tónskáld komu við sögu. Við fengum ágrip af sögu óperunnar, kynningu á söngvurum og upptökum frá upphafi hljóðritunar fram á okkar dag.

Einlægni Ingólfs í fólkskvalausri aðdáun hans á tónlistinni vakti aðdáun mína og ýtti við mér. Mér lærðist hægt og bitandi að hleypa þessari nýju tilfinningu inn fyrir mína hörðu skel. Lýsingar hans á tónskáldum, stjórndum, hljóðfæraleikurum og söngvurum var stórbrotin og borin fram á þann hátt að við fengum hlutdeild í skynjun kennarans. Þannig fengum við ekki aðeins innsýn í þá tónlist og tækni sem ég hef þegar nefnt, heldur vorum við hrifin með inn í hugarheim tónlistarunnanda og eins reyndasta flytjenda okkar á klassískri



Ingólfur Guðbrandsson ásamt greinarhöfundi og þremur ferðafélögum fyrir utan Auerbachs Keller í Leipzig árið 1996.

tónlist. Og allt var þetta borið fram á afar vönduðu máli sem var okkur hinn dýr-
mætasti fjársjóður.

Nú var kennslustofan orðin of lítil. Vissulega var söknuður að hinu nána sambandi kennara og nemenda í litlu kennslustofunni, en árið 1996 var *Hátindum barokktónlistar og meistara meistaranna Johann Sebastian Bach* komið fyrir í safnaðarheimili Hallgrímskirkju með eitthundrað þátttökendum. – Í framhaldi þess námskeiðs var farið á *slóðir Bachs í Þýskalandi*. Ingólfur fór með okkur til Eisenach, fæðingarborgar Bachs, og síðan til einnar borgarinnar eftir aðra sem allar tengdust lífi og starfi hins stórbrotna snillings. Auk þessa sóttum við tónleika í Dresden (Semperóperunni), Leipzig (Gewandhaus) og Berlín (Berliner Philharmonie). Ég sagði frá þeirri ævintýraferð í Lesbók Mbl. 8. febr. 1997.

Árið 1997 voru *Meistarar barokksins í Ítal-skrí* og *Þýskri tónlist* kynntir í Hátíðasál H.Í. Ingólfur hafði rétt áður fengið nokkra styrktaraðila til að gefa háskólanum hljómflytningstæki af allra bestu gerð. Þannig fengum við nú notið tónlistarinnar á besta mögulega hátt. Fleiri tónskáld bættust við og listinn yfir plötur í safnið okkar lengdist enn. Ingólfur hafði jafnan þann hátt á að taka saman efni hvers tíma og dreifa meðal okkar í prentuðu máli. Það nálgast nú að vera full mappa af tónlistarsögu.

Á þessu ári (1998) kynntumst við *Líf og list Beethovens*. Það hlýtur að teljast með ólíkindum hvað einn maður getur átt sér stórbrotna sögu. Að námskeiði loknu var haldið í *fótspor meistarans* á sama hátt og gert hafði verið tveimur árum áður varðandi Bach. Nú var ferðinni heitið frá Bonn til Salzburg og Vínar. Hún er ógleymanleg þeim sem hana fóru.

Þeir sem notið hafa námskeiðanna eiga nú hægara um vik að láta það eftir sér að njóta einhvers þess besta sem maðurinn hefur látið frá sér fara; evrópskrar tónlistar frá endurreisn til nútíma. Það er orðin unun að sækja góða tónleika eða óperuna, og ýmsar perlur leynast allt í einu í útvarpinu. Og mörg okkar eiga nú *perlur tónlistar* heima í hillu og þurfa ekki annað en „setja plötu á fóninn“ til að eiga ánægjustund.

12 Tónar ehf.

Grettisgata 64, 101 Reykjavík, Ísland
Sími: 511-5656, Fax: 511-5657
Netfang: 12tonar@islandia.is

Nýlega var opnuð í Reykjavík geisladiskaverslunin 12 Tónar með sérstaka áherslu á klassíska tónlist. Eigendur hennar eru Jóhannes Ágústsson og Lárus Jóhannesson. „Við ákváðum síðasta haust að undirbúa opnun geisladiskaverslunar með sérstaka áherslu á klassíska tónlist því okkur fannst sem henni væri ekki sinnt sem skyldi,“ segja þeir félagar. „Framboð á klassískum geisladiskum hafði verið óbreytt um árabíl þrátt fyrir mikið af nýjum og spennandi útgáfufyrirtækjum. Formleg opnun var í byrjun apríl og í dag bjóðum við uppá vandaða vöru frá mörgum þekktum merkjum eins og Telarc, CPO, ASV, Hänssler og Ondine. Ekki síður langaði okkur að veita persónulegri þjónustu og gera viðskiptavinum okkar kleyft að versla í notalegu umhverfi. Við bjóðum einnig upp á gott úrval af djassi og heimstónlist.“

Við erum báðir miklir tónlistaráhugamenn og þekkjum líf safnarans frá báðum hliðum borðsins. Jóhannes var lengi verslunarstjóri í tónlistardeild Japís og þar var Lárus góður viðskiptavinur. Reyndar ná kynni okkar langt aftur eða til ársins 1979 þegar við mættumst í fyrsta sinn við skákborðið. Á árunum 1980-90 fórum við í viking oftár en einu sinni, fönguðum drottningar og drápum kónga.“



Tilboð 12 Tóna
til styrktarfélaga

Óperupakki
með 12 þekktustu
óperum heims á

6.000,- krónur.

Í tilefni af nýlegri opnun mun verslunin veita öllum styrktarfélögum Íslensku óperunnar verulegan afslátt af óperupakkanum „Heimur óperunnar“, sem inniheldur allar af vinsælustu óperum okkar tíma. Um er að ræða tólf óperur í fullri lengd á 24 geisladiskum. Þær eru *Tosca*, *La Traviata*, *Rigoletto*, *La Bohème*, *Lucia di Lammermoor*, *Il Trovatore*, *Madama Butterfly*, *La Forza del Destino*, *Turandot*, *Rakarinn frá Sevilla*, *I Pagliacci* og *Cavalleria Rusticana*. Pakkinn er hinn veglegasti, í gylltum umbúðum og er hver ópera í sér umbúðum, fyrir utan *I Pagliacci* og *Cavalleria Rusticana* sem eru samkvæmt gamalli hefð spyrta saman. Heildarverðið fyrir allan pakkan er 6.000 krónur eða aðeins 500 krónur fyrir óperuna. Tilvalin gjöf sem einn heildarpakki eða sem nokkrir smærri.